

Mál nr. 177/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda farþega meðan ferð stóð þ.31.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.5.2009. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 3.6.2009.

Málsatvik.

Málskotsaðilar segja báðir í tilkynningu um ferðatjón að þeir hafi farið í ferð sem hafi staðið frá 31.3. til 5.4.2009 og bæði veikst á fyrsta degi ferðar svo sem nánar er lýst í tilkynningunni og verið veik alla ferðina og ferðin hafi af þeim sökum verið þeim algjörlega ónýt. Málskotsaðilar voru með ferðaslysatryggingu hjá V og krefjast bóta vegna þess að ferðin hafi verið þeim algjörlega ónýt. V hafnar bótaskyldu og bendir í því sambandi á ákvæði vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að skilyrði bótaskyldu vátryggingafélags sé að orlofsferð sé rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður hafi legið á sjúkrahúsi hálfan ferðatímann, en bætur verði ekki greiddar sé ofangreindum skilyrðum ekki fullnægt. V telur því tjón M sé ekki bótaskylt úr ofangreindri tryggingu þeirra hjá V.

Álit.

Í umrætt sinn er ekki um það deilt að málskotsaðilar hafi verið veikir meðan á ferð stóð svo sem þeir lýsa. Spurning er hvort að skilyrði séu fyrir hendi til greiðslu bóta úr ferðatryggingu eins og hér háttar til. Samkvæmt ákvæðum vátryggingaskilmála er það skilyrði til greiðslu bóta úr ferðatryggingu málskotsaðila að ferðin hafi verið rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða málskotsaðilar legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann svo sem kveðið er á í vátryggingaskilmálum. Hvorugu tilvikinu var til að dreifa og málskotsaðilar eiga því ekki rétt á bótum úr F+ ferðatryggingu sinni.

Niðurstaða.

Málskotsaðilar eiga ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 23.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.